



Laufblaðið

FRÉTTABLAÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

16. árg. 2007 3. tbl.

**Tónleikar Eivarar Pálsdóttur í
Hallormsstaðaskógi**

**Vínandaskógrækt – er það
fram tíðin?**

**Heimsókn í Fögruhlíð í
Austurdal í Skagafirði**

**Haustrferð Skógræktarfélags
Garðabæjar á Reykjanes**

Landslag í skógi

**Rannsóknastöðin á
Mógilsá 40 ára**

**Pétursskógur að
Vindheimum í Skagafirði**

Sumar á Sólheimum

**Vel heppnuð ferð
Skógræktarfélags Íslands
til Sviss**

**Samningur við Toyota - einn
stærsti samningur sem
Skógræktarfélag Íslands
hefur gert**

**Ævintýri í Austurvegi – ferð til
Kamtsjatka 2008**

Gömlu trén í Grundarfirði

**Ný stjórn Skógræktarfélags
Íslands**

Ævintýri í Austurvegi

Ferð til Kamtsjatka næsta haust

Fyrirhuguð ferð Skógræktarfélags Íslands til Kamtsjatka í Rússlandi haustið 2008, sem sagt var frá í síðasta Laufblaði, er nú í undirbúningi. Pétur Óli Pétursson, sem skipulagði ferðina til Arkhangelsk í fyrra, ferðaðist austur til Kamtsjatka núna í byrjun október til undirbúnings. Þetta er langt ferðalag, í raun og veru alveg hinum megin á hnöttinn. Skemmst er frá því að segja að hann er alveg heillaður af náttúrefugurð skagans og sér ekki neina örðugleika á því að ferðast til þeirra staða á skaganum sem áhugaverðast er að

komast til. Liggur fyrir gróf ferðaáætlun, sem gerir ráð fyrir flugi út þann 29. ágúst og heimkomu um 2 vikum síðar. Á Kamtsjatka verður höfuðborgin Petropavlosk helsta bækistöð og farið þaðan í dagsferðir. Einnig er stefnt að lengri ferð inn eftir skaganum upp til bæjarins Esso þar sem hægt að upplifa einstaka náttúrufegurð og merkilega menningu frumbyggja. Í bakaleiðinni verður höfð viðkoma í Moskvu og borgin skoðuð.

Rétt er að benda á grein þeirra Brynjólfs Jónssonar og Óla Vals Hanssonar í Skógræktarritinu árið 1995 um

fræsöfnunarleiðangur til skagans. Þar er mikið af myndum og upplýsingum um þetta svæði, en fjöldamargar trjá- og runnategundir eru virkilega áhuga- verðar til ræktunar á Íslandi frá þessum fjarlæga eldfjallaskaga. Greinin er niðurhlaðanleg af vefsíðu Skógræktarfélags Íslands, www.skog.is

Byrjað er að taka við skráningum í ferðina og eru áhugasamir beðnir að hafa samband við skrifstofu félagsins í síma 551-8150 eða á skog@skog.is

Fyrstur kemur, fyrstur fær, gildir í þessa ferð eins og aðrar vinsælar ferðir félagsins.

Gróður- setjum fleiri tré!

Þetta glæsilega tré vex í trjásafninu í Mörkinni á Hallormsstað. Það eru ekki mörg tré á landinu sem hafa náð slíku umfangi eins og þessi fjallapínur og geta verið leikvöllur hópa barna sem upplifa í trénu einstakt ævintýri. En um leið ætti þetta tré að vera hvatning til lesenda að gróðursetja fleiri tré, sem með tíð og tíma geta hæglega náð sama glæsileik og þetta eintak (Mynd JGP).



Vel heppnuð ferð Skógræktarfélags Íslands til Sviss

Skógræktarfélag Íslands stóð fyrir ferð til Sviss dagana 4. – 11. september. Ferðin tókst vel, en farið var um mið- og austurhluta Sviss og skoðaðir skógar, gróður og náttúra svæðisins. Einnig fræddust þátttakendur um menningu og sögu landsins. Ferðin var undirbúin í samstarfi við Svisslendinginn og Íslandsvininn Thomas Seiz, en hann hefur í um áratug stutt skógræktarfélög Patreksfjarðar, Breiðdalsvíkur og Norðurþingeyinga, auk þess sem hann á jörð í Eyjafirði. Íslenskir fararstjórar voru Brynjólfur Jónsson og Barbara Stanzeit, en auk þess nutu ferðalangar leiðsagnar Jóhanns Pálssonar grasfræðings. Þátttakendur voru tæplega 90 talsins.

Landslag í Ölpunum er stórbrotið og að aka þar um er eftirminnilegt, ekki síst vegna þess hversu brattir og hlykkjóttir vegir eru einkennandi. Margt er einnig að skoða þar, bæði tengt náttúrufari og menningu. Fjölmargt er hægt að læra um skóga og skógrækt í Ölpunum, ekki síst þegar kemur ofar í fjallshlíðar og nærri skógarmörkum. Frá þessum slóðum þyrfti að reyna mun fleiri tegundir í ræktun hér á Íslandi.

Meðal hápunkta ferðarinnar má nefna heimsókn í Svissneska Þjóðgarðinn, stórkostlegt fjalla- og jöklasvæði í Diavolezza, hið geysistöra Ballenberg safn (sem er n.k. blanda af Árbæjarsafni og Húsdýragarðinum, með íblöndun smærri sérsafna, t.d. skógarsafns), heimsókn í Grimsel-virkjunina og áhugaverðar trjá- og runnategundir í skógum og við skógarmörk Alpafjalla.



Skógur þekur um 30% af 40.000 km² flatarmáli Sviss (Mynd RF).



Skógar í Sviss eru áhugaverðir frá ræktunarlegu sjónarmiði fyrir Ísland, sérstaklega hvað varðar tegundir sem vaxa þar nálægt skógarmörkum (Mynd RF).



Fjallaborg í svissnesku Ölpunum (Mynd RF).



Gönguferð í léttu snjódrífu í Svissneska Þjóðgarðinum (Mynd RF).



Thomas Seiz aðstoðaði við undirbúning ferðarinnar og sá um túlkun þegar á þurfti að halda, eins og hér í Grimsel-virkjuninni (Mynd RF).



Hvar sem farið er um í Sviss er snyrtimennska og góður frágangur áberandi (Mynd RF).



**AÐEINS
ALDARGÖMUL**

... og rétt að byrja



Félagar - nýtið ykkur Olís- kortið!

Hópakort skógræktarfélaganna og OLÍS á nú að hafa borist öllum félagsmönnum skógræktarfélaganna, en þeir eru um 7500. Kortið veitir þeim ýmis konar afslætti í verslunum OLÍS, m.a. verulegan afslátt af eldsneyti, en auk þess mun OLÍS greiða Skógræktarfélagi Íslands ákveðna prósentu af veltu félagsmanna.

Með notkun á kortinu er þannig bæði veittur beinn afsláttur til félagsmanna og um leið veitt upphæð til eflingar skógræktar í landinu.

Laufblaðið

Fréttablað, 16. útgangur 3. tölublað 2007.
Laufblaðið er sent endurgjaldslaust til allra félagsmanna í skógræktarfélagunum.
Með því að gerast félagsmaður í skógræktarfélagi færð þú Laufblaðið og Frækornin send heim reglulega.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands
Skúlatúni 6, 105 Reykjavík
sími: 551-8150
heimasíða: www.skog.is

Ritstjóri:

Jón Geir Pétursson skógræðingur,
netfang: jgp@skog.is
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:

Ragnhildur Freysteinsdóttir umhverfisfræðingur.

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.

Umbrot og prentun:

Ísafoldarprentsmiðja.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands kjörin á aðalfundi 2007:

Magnús Gunnarsson formaður,
Ólafía Jakobsdóttir varaformaður,
Guðbrandur Brynjúlfsson gjaldkeri,
Þorvaldur S. Þorvaldsson ritari.

Meðstjórnendur:


Aðalsteinn Sigurgeirsson,
Jónína Stefánsdóttir,
Þuríður Yngvadóttir.

Varamenn:

Sigrún Stefánsdóttir,
Páll Ingbór Kristinsson,
Vilhjálmur Lúðvíksson.

Skógræktarritið

er vandað og fjölbreytt tímarit fyrir alla skóg- og trjáræktendur



Eftir langan vinnudag les Hallgrímur Guðjónsson Skógræktarritið í sumarbústað sínum í Vatnsdal í Húnavatnssýslu.

Skoðið áskriftartilboð á
www.skog.is

Pantið áskrift í síma 551-8150 eða á skog@skog.is.
Nánari upplýsingar á www.skog.is.

**Skógræktarfélag
Íslands og
Garðyrkjufélag Íslands
boða til sameiginlegs
kvöldfundar
fimmtudaginn
25. október, 2007
kl. 20:00 í húsi
Orkuveitu Reykjavíkur.**

Fundarefni:
Erfðalindir-aðlögun og
kynbætur á tímum
veðurfarsbreytinga.

Fyrirlesarar:
Aðlögun tegunda að
breyttum
ræktunarskilyrðum.
Aðalsteinn Sigurgeirsson,
skógræðingur

**Kynbætur og framboð á
réttu erfðaefni.
Þorsteinn Tómasson,
plöntuerfðafræðingur**

Eftirtalin fyrirtæki eru
aðalstyrktaraðilar
Skógræktarfélags Íslands



Vínandaskógrækt – er það framtíðin?

Nýrra orkugjafa leitað

Gríðarlega margt er að gerast í orkumálum heimsins þessa dagana. Varla er hægt að kveikja á fjölmiðli án þess að heyra eða sjá einhverja umfjöllun um þróun nýrra orkugjafa til upphitunar, rafmagnsframleiðslu eða eldsneytis. Það er tvennt sem orsakar þennan mikla áhuga á nýjum orkugjöfum. Annars vegar er það hækkandi olíuverð sem hefur gjörbreytt samkeppnisstöðu ýmissa annarra orkugjafa, sem áður gátu ekki keppt við jarðefnaeldsneytið (kol, olía, gas) í verði. Hinsvegar má segja að nú, þegar við erum farin að finna áhrif hlýnandi loftslags á eigin skinni, þá sé að myndast almennur pólitískur vilji til að þróa aðra orkugjafa í stað hins mengandi jarðefnaeldsneytis.

Það má skipta notkun jarðefnaeldsneytis í þrjá megin flokka: a) notkun til samgangna, b) notkun í iðnaðarframleiðslu og c) notkun til rafmagnsframleiðslu og upphitunar. Við Íslendingar erum svo heppnir að hafa endurnýjanlega orkugjafa til rafmagnsframleiðslu og upphitunar, það er fallorku og jarðvarma. Hjá öðrum þjóðum er þetta oft einn stærsti þátturinn í notkun jarðefnaeldsneytis.

Svíar stefna að því að leggja af notkun jarðefnaeldsneytis fyrir 2020

Mikið er nú að gerast í nágrannalöndum okkar í orkuframleiðslu til upphitunar og rafmagnsframleiðslu. Til dæmis hefur Svíþjóð markað sér þá stefnu að eftir 12 ár (2020) hafi aðrir orkugjafar alfar-ið tekið við hlutverki jarðefnaeldsneytis þar í landi. Þessu marki ætla Svíar að ná með því að m.a. stóruka notkun á lífmassa til upphitunar og vínanda (etanól) til eldsneytis fyrir bifreiðar og tæki.

Það er langt síðan að Svíar byrjuðu að nota lífmassa í fjarvarmaveitum fyrir heilu borgirnar og í dag framleiða þeir árlega um 9 tetravattstundir með þeim hætti. Til samanburðar nota Íslendingar um 5 tetravattstundir til upphitunar húsnæðis á ári. Fram undir þetta var það einkum sorp sem notað var til að knýja lífmassa-orkuver Svíþjóðar, ásamt ýmsum öðrum tilfallandi lífmassa. Sorp hefur orðið mikilvæg verslunarvara og Svíar kaupa og flytja inn sorp í þessum tilgangi bæði frá Noregi og Þýskalandi. Tilfallandi lífmassi borganna og næsta nágrennis þeirra dugar hinsvegar engan veginn nú þegar verið er að auka hlutdeild lífmassa til orkuvinnslu og upphitunar. Orkuverin eru því að verða stór



Landbúnaðarháskólinn og Rannsóknastöð skógræktar á Mógilsá tóku þátt í að halda meistara- og doktorsnemanámskeið um skógrækt og orkumál í N-Svíþjóð haustið 2005. Þrír íslenskir námsmenn á sviði skógræði tóku þátt. Á myndinni sést hluti hópsins fyrir utan nýju tilraunaverksmiðjuna í Örsköldsvík (Mynd BDS).



Svíar eru í fararbroddi þjóða við þróun etanólframleiðslu úr skógarafurðum og vinna þeir eftir því markmiði að etanól leysi jarðefnaeldsneyti alveg af innan fárra ára (Mynd JGP).

kaupandi á viðarkurli sem unnið er úr grisjunarvið, greinum og trjátoppum sem falla til við skógarhögg. Jafnframt hafa farið í gang ný verkefni þar sem ræktaðir eru sérstakir orkuskógar með fljótsprottum tegundum og jafnframt eru nýjar skógarafurðir teknar út úr gömlu skógunum við skógarhögg, svo sem rótarstokkar sem rifnir eru upp með stórvirkum vinnuvélum.

Hækkandi verð á skógarafurðum

Eftirspurnin fyrir skógarafurðir til orkuframleiðslu í Evrópu og Ameríku veldur því að verð þeirra þýtur nú upp á alþjóðamarkaði. Áður var það pappír-iðnaðurinn sem var ráðandi kaupandi að svokölluðum viðarmassa, en nú eru fleiri orðnir um hituna. Íslenskir hestamenn hafa t.d. orðið áþreifanlega varir við þessar breytingar í verði viðarkurla sem þeir hafa flutt inn og notað er í stúr gæðinganna. Verð þess hefur hækkað svo mjög að sumir fullyrða að það kosti orðið meira á ársgrundvelli en fóðrið í hestana. Ef þessi þróun heldur áfram þá er það bara tímaspursmál hvenær það verður hagkvæmt að setja upp kurlverk-smiðju hér á landi til útflutnings, svo ekki sé talað um möguleikana á að útbúa þurrkað viðarkurl undir íslensku gæð-

ingana og byrja að keppa við innflutta kurlið.

Vetni og metan

Það er mjög misjafnt hvaða leiðir þjóðir eru að fara þegar kemur að því að þróa orkugjafa fyrir bifreiðar og aðrar vélar. Hér á landi hafa það einkum verið tveir orkugjafar sem horft hefur verið til; gastegundanna vetnis og metans. Vetnið hefur verið reynt á nokkra sérsmiðaða strætisvagna með ágætum árangri. Sérstakir metanbílar hafa einnig verið fluttir inn og eru m.a. notaðir af Landbúnaðarháskóla Íslands í ferðum starfsmanna á milli Reykjavíkur og Hvanneyrar.

Vínandi (etanól) mjög áhugaverður kostur á bílaflotann

Þær þjóðir sem lengst eru komnar í að taka upp aðra orkugjafa fyrir samgöngutæki hafa hinsvegar veðjað á framleiðslu fljótandi eldsneytis en ekki gass. Það gerir allar breytingar á bílaflota og eldsneytissöðvum mun einfaldari. Algengasta fljótandi líf-eldsneytið er vínandi (etanól). Brasilía er það land þar sem þetta er komið lengst. Þar er vínandinn framleiddur úr sykurreyr í sykurverk-smiðjum og bæði notaður hreinn eða sem allt að 24% íblöndun í bensín eða díselolíu á allar bifreiðar í landinu.

Í Evrópu eru það Svíar sem eru komnir lengst í notkun vínanda á bifreiðar. Bensín í Svíþjóð hefur 5% íblöndun af vínanda sem truflar ekki gang bensínvéla. Jafnframt er 85% vínanda-bensín blanda seld á um 800 dælustöðvum um alla Svíþjóð. Um fimmtungur allra nýrra bíla sem seldir eru í Svíþjóð (árið 2006) eru bílar sem ganga fyrir þessu eldsneyti. Lítraverðið á 85% vínandablöndunni í Svíþjóð er um 38 kr. ódýrara en bensínlítrinn. Hinsvegar kemst bifreiðin að eins styttra á tanknum af vínandablöndunni, svo að munurinn er ekki alveg eins hagstæður vínandanum í raun. Staðan er þó orðin þannig í dag að bíleigendur tapa ekki á að skipta yfir í vínanda.



Ný fjölnotavél

MultiMaster

slípar - sagar - skefur - raspar - brýnir



SKEIFAN 3E-F · SÍMI 581-2333 · FAX 568-0215 · WWW.RAFVER.IS



Hvaðan kemur vínandinn?

Í Svíþjóð og öðrum ríkjum Evrópu er vínandi einkum unninn úr byggi, höfrum eða hveiti. Vínandaframleiðsla til eldsneytis hefur sexfaldast í Evrópu á síðasta áratug. Eftirspurnin eftir hráefni til eldsneytisgerðar er farin að hafa áhrif á verð uppskeru bænda og landbúnaðarafurða unnum úr þeim. Það vakti athygli nýlega að Ítalir fóru í pastaverkfall einn föstudag til að mótmæla miklum verðhækkunum sem raktar voru til verðhækkana vegna aukinnar eftirspurnar á hveiti til vínandaframleiðslu.

Allar plöntur vaxa með því að mynda sykrur með hjálp sólarljóssins. Sykrurnar eru síðan notaðar í öll byggingarefni plöntunnar og sem orkugjafi hennar. Ákveðnar sykrur henta betur en aðrar til vínandaframleiðslu, svo sem glúkósinn í sykurreyrnum og sterkjan í korni. Í raun má framleiða vínanda úr hverskonar plöntuefni (sykrum) sem er, ef þeim er umbreytt í gerjunarlegar sykrur fyrst.

Trjáviður heppilegasta hráefnið til vínandaframleiðslu

Vínandaeldsneyti (etanól) verður í nánustu framtíð mest framleitt úr trjávið. Það fullyrða allir helstu sérfræðingar á

þessu sviði. Ástæðurnar eru m.a. að viður inniheldur meira af sykrum í formi trénis og beðmis (60-70%) en eru t.d. í korni. Þannig þarf 3 tonn af korni til að framleiða 1 tonn af vínanda í rannsóknastofu, en aðeins 2 tonn af viðarkenndu efni. Viðurinn er einnig ódýrara hráefni en kornið og framboðið er margfalt meira, sem er nauðsynlegt ef vínandinn á að geta komið í stað bensíns og díselolíu í stærri skala.

Háskólar og fyrirtæki í Svíþjóð, Bandaríkjunum og fleiri löndum hafa undanfarin 15-20 ár unnið að þróun verksmiðja sem vinna vínanda úr við í stórum skala, eða a.m.k. 50-100 milljón lítra á ári í hverri. Í dag er tæknin til á rannsóknastofum og stutt er í að reistar verði stórar verksmiðjur. Árið 2004 reistu Svíar tilraunaverksmiðju í Örsköldsvík í norður Svíþjóð (svipaðri breiddargráðu og Ísland er á). Þessi verksmiðja vinnur um 200.000 lítra á ári af vínanda úr við í grenis og furu. Eitt af síðustu verkum Göran Person fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar var að slá því föstu að Svíar muni á allra næstu árum reisa þrjár fullstórar vínandaverksmiðjur til eldsneytisframleiðslu í norður Svíþjóð. Vegna þessa var hann stundum nefndur



Trjáviður inniheldur sykrur sem hægt er að breyta í vínanda. Hvaða tækifæri liggja þar fyrir íslenska skógrækt mun væntanlega koma í ljós á næstu árum. Þessi glæsilegi lerkiteigur á Hallormsstað gefur góð fyrirheit vaxtargetu íslenskra skóga og þá um leið mikinn lífmassa (Mynd JGP).

ur etanól-sheik Svíþjóðar í fjölmiðlum! Þessar áætlanir munu gjörbreyta öllum markaði með skógarafurðir. Til dæmis hentar grisjunarviður einkar vel til vín-

andaframleiðslu. Í Bandaríkjunum þar sem svipaðir hlutir eru að gerast hefur væntanleg vínandaframleiðsla úr við verið kölluð „Guðsgjöfin til skógareigenda“.

Tækifæri fyrir skógrækt á Íslandi

Skógræktendur á Íslandi þurfa að fylgjast með hvað er að gerast í þessum málum. Svíar eru að byggja upp sínar vínandaverksmiðjur þar sem skógar vaxa álíka hratt og við okkar aðstæður. Það segir okkur að íslenskir athafnamenn gætu einnig haft áhuga á slíkri uppbyggingu hér. Einnig mun tilkoma stórra vínanda/etanólverksmiðja í nágrennalöndunum þýða að allt verð fyrir skógarafurðir mun gjörbreytast á alþjóðamarkaði og jafnvel getur orðið hagkvæmt að flytja út viðarafurðir, svo sem viðarkurl, sem við höfum haft tiltölulega lítinn markað fyrir hérlandis hingað til. Vínandaframleiðsla til eldsneytis getur því hæglega einnig orðið „Guðsgjöf íslenskra skógareigenda“.

Bjarni Diðrik Sigurðsson, prófessor í skógfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands (bjarni@lbhi.is).

Samningur við Toyota

Einn stærsti samningur sem Skógræktarfélag Íslands hefur gert

Í ágúst mánuði síðast liðnum var gengið frá einum stærsta samstarfsamningi um skógrækt sem Skógræktarfélag Íslands hefur gert.

Samvinna við Toyota á Íslandi hefur staðið allt frá árinu 1990 en þá hófst formlegt samstarf um svokallaða Toyotaskóga en fyrirtækið studdi þá nokkur skógræktarfélög til ræktunarátaks. Upp frá því hefur fyrirtækið Toyota verið einn helsti styrktaraðili félagsins og færði félaginu meðal annars að gjöf árið 2000 öfl-

uga bifreið sem hefur nýst ákaflega vel í rekstri félagsins.


Á liðnu ári urðu eigendaskipti á fyrirtækinu, en með þessum nýja samningi staðfesta nýir eigendur öflugan og aukinn stuðning við skógræktarhreyfinguna. Ný samningurinn felur annars vegar í sér fimm milljón króna árlegt fjárframlag og hins vegar lán á Toyota bifreiðum til skógræktarvinnu og annarrar starfsemi félagsins og er sá þáttur metinn á um milljón króna. Sérstök áhersla verður lögð á uppbyggingu Toyotaskóga. Styrktarfé verður varið til ýmissa skilgreindra verkefna, svo sem aukinnar gróðursetningar, eflingu viðhalds og bættrar aðstöðu til útivistar.

Toyota skógarnir eru sex talsins: í Esjuhlíðum, í Brynjudal, við Reyðarfjörð, Varmaland í Borgarfirði og að Söndum í Dýrafirði auk Kjarnaskógar við Akureyri.

Frá vinstri: Magnús Jóhannesson, formaður Skógræktarfélags Íslands, Úlfar Steindórsson, forstjóri Toyota, Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti og heiðursfélagi Skógræktarfélags Íslands og Magnús Kristinnsson, stjórnarformaður Toyota, ásamt eiginkonu sinni Lóu Skarphéðinsdóttur (Mynd BJ).



Hér má sjá Hjördísi Geirdal, nýkjörinn formann Skógræktarfélags Borgarfjarðar, og Ingibjörgu Ingu Guðmundsdóttur, nýráðinn skólastjóra Varmalands-skóla, standa við kynningarskilti við Toyotaskógin á Varmalandi (Mynd: Friðrik Aspelund).



Magnús Kristinnsson, stjórnarformaður Toyota og Magnús Jóhannesson, formaður Skógræktarfélags Íslands, undirrita samstarfssamning (Mynd BJ).



Eftirtaldir aðilar hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Reykjavík

Alþýðusamband Íslands, www.asi.is, Sætúni 1
 Arentsstál ehf, Eirhöfða 17
 Arkís ehf, Aðalstræti 6
 Bergiðjan, Vatnagörðum
 Bílaleigan AKA, Vagnhöfða 25
 Bílamálun Halldórs Þ Nikulássonar, Funahöfða 3
 Bílasmiðurinn hf, Bildshöfða 16
 Bílastjarnan, Bæjarflöt 10
 Björgun ehf, Sævarhöfða 33
 Björn Traustason ehf, Vogalandi 1
 Brim hf, Tryggvagötu 11
 Byggingafélag Gylfa og Gunnars ehf,
 Borgartúni 31
 Dreifing ehf, Vatnagörðum 8
 Dynjandi ehf, Skeifunni 3h
 E.T. ehf, Klettagörðum 11
 Endurvinnslan hf, Knarrarvogi 4
 Eyrir fjárfestingafélag ehf, Skólavörðustíg 13
 Fasteignamarkaðurinn ehf, Óðinsgötu 4
 Faxaflóahafnir sf, Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17
 Ferðapjónusta bænda hf, Síðumúla 2
 Fjárfestingafélagið Gaumur ehf,
 Suðurlandsbraut 48
 Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Ármúla 14
 Fjölhönnun hf, verkfræðistofa, Stórhöfða 27
 G Hannesson ehf, Borgartúni 23
 Garðmenn ehf, Skipasundi 83
 Garðsauki ehf, Neshörmur 5
 Garðyrkjuþjónustan ehf, Skipholt 29b
 Gámapjónustan hf, Súðarvogi 2
 Gátun ehf, Lág múla 5
 GB Tjónaviðgerðir ehf, Draghálsi 6-8
 Gesthús Dúna hf, Suðurhlíð 35d
 Gjögur hf, Kringlunni 7
 Grænn kostur ehf, Skólavörðustíg 8
 Guðmundur Jónasson ehf, Borgartúni 34
 H. Hauksson ehf, Suðurlandsbraut 48
 Hagaskóli, Fornhaga 1
 Hagi ehf, Stórhöfða 37
 HGK ehf, Laugavegi 13
 Hilmar D. Ólafsson ehf, Eldshöfða 14
 Hrafnistuheimilin, Hafnarfirði og Reykjavík
 Hringrás ehf, Klettagörðum 9
 Húsvirki hf, verktaki, Lág múla 5
 Höfði fasteignamiðlun ehf,
 Suðurlandsbraut 20, og Bæjarhrauni 22
 Iðntré ehf, Draghálsi 10
 Innheimtustofnun sveitarfélaga, Lág múla 9
 ISS Ísland ehf, Ármúla 40
 Íslensk erfðagreining, Sturlugötu 8
 J. Eiríksson ehf, Tangarhöfða 5
 Kemis ehf, Breiðhöfða 15
 Kjaran ehf, Síðumúla 12-14
 Kjörgarður, Laugarvegi 59
 KPMG hf, Borgartúni 27
 Landslag ehf, Skólavörðustíg 11
 Laugarnesskóli, Kirkjuteigi 24
 Lindin, kristið útvarp FM 102,9, Krókhálsi 4
 Lífstykkjabúðin ehf, Laugavegi 82
 Löndun ehf, Kjalarvogi 21

Meistarafélag húsasmiða, Skipholt 70
 Melabúðin ehf, Hagamel 39
 Mentis hf, Borgartúni 29
 Nexus afþreying ehf, Hverfisgötu 103
 Núi-Sírís hf, Hesthálsi 2-4
 Ólafur Gíslason og Co hf, Sundaborg 3
 Raftækning hf, Suðurlandsbraut 4
 Rarik ohf, Bildshöfða 10
 Ráðhús Reykjavíkur, Ráðhúsinu
 Reykjavrent ehf, Síðumúla 14, 2. hæð
 Rolf Johansen & Co ehf, Skútuvogi 10a
 RST Net ehf, Smiðshöfða 6
 Samiðn, Borgartúni 30
 Samson eignarhaldsfélag ehf, Sigtúni 42
 Securitas hf, Síðumúla 23
 Skalli við Vesturlandsveg, Grjóthálsi 8
 Skúlason og Jónsson ehf, Skútuvogi 6
 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Skógarhlíð 14
 Smith og Norland hf, Nóatúni 4
 Stanislas Bohic garðhönnun, Súðarvogi 6
 Subway, Austurstræti 3
 Suzuki bílar hf, Skeifunni 17
 Sveinbjörn Sigurðsson hf, Smiðshöfða 7
 Tannþing ehf, Þingholtsstræti 11
 Teppapjónusta E.I.G. ehf, Karfavogur 19
 Tölvar ehf, Síðumúla 1
 Umhverfis- og garðyrkjuvið
 Reykjavíkurborgar, Skúlagötu 19
 Umhverfisstofnun, Suðurlandsbraut 24
 Úti og inni sf, Þingholtsstræti 27
 VBS fjárfestingabanki hf, Suðurlandsbraut 18
 Veitingahúsið Perlan ehf, Öskjuhlíð
 Verðbréfasráning Íslands hf, Laugavegi 182
 Verkfræðistofan Afl og Orka ehf, Hraunbergi 4
 Verkfræðistofan VIK ehf,
 Laugavegi 164, 2. hæð hægri
 Vélaverkstæðið Kistufell ehf, Tangarhöfða 13
 VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20
 Þ.G. verktakar ehf, Fossaleyni 16

Seltjarnarnes

Seltjarnarnesbær, Austurströnd 2

Kópavogur

Baltik ehf, Smiðjuvegi 14
 Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafs-
 sonar ehf, Smiðjuvegi 22
 Byggðapjónustan ehf, Auðbrekku 22
 DK Hugbúnaður ehf, Hlíðasmára 17
 Eggja- og kjúklingabúið, Elliðahvamm, Vatnsenda
 Gæðaflutningar ehf, Krossalind 19
 Íslandsspil sf, Smiðjuvegi 11a
 Kambur ehf, Geirlandi v/Suðurlandsveg
 Kópavogsbær, Fannborg 2
 Landmótun ehf, Hamraborg 12
 MHG verslun, Dalvegi 16a
 Prentsmiðjan Viðey ehf, Smiðjuvegi 18
 Stáliðjan, Smiðjuvegi 5
 Uppdæling ehf, Bakkabraut 2
 Valdberg ehf, Smiðjuvegi 36
 Verkfræðistofa Erlends Birgissonar ehf, Bæjarlind 4

Verkfræðistofa Snorra Ingimarssonar ehf,
 Hamraborg 11
 Ömmubakstur ehf, Kársnesbraut 96

Garðabær

Fag-val ehf, Smiðsbúð 4
 Garðafell ehf, Hörgslundi 5
 Haraldur Böðvarsson og co ehf, Birkihæð 1
 Hurðaborg ehf, Sunnuflöt 45
 Miklartorg hf, Kaupúni 4
 Raftækniþjónusta Trausta ehf, Lyngási 14
 Suðurtún ehf, Súlunesi 12
 VGI ehf, Austurhrauni 7

Hafnarfjörður

Alexander Ólafsson ehf, Grandatröð 2
 Fjörukráin - Hótel Víking, Strandgötu 55
 Fura málmendurvinnslan ehf, Hringhellu 3
 Hafnarfjarðarbær, Strandgötu 6
 Hagtak hf, Fjarðargötu 13-15
 Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð, Hringhellu 6
 Hvalur hf, Hafnarfirði
 Kerfi ehf, Flatahrauni 5b
 Nýsir hf, Reykjavíkurvegi 74
 Pappír hf, Kaplahrauni 13
 Spennubreytar, Trönuhrauni 5
 Starfsmannafélag ÍSAL, Straumsvík
 Trésmiðjan okkar ehf, Lyngbergi 19a
 Verkalýðsfélagið Hlíf, Reykjavíkurvegi 64
 Viðhaldsvirkni ehf, Fosshálsi 23

Reykjanesbær

Húsanes ehf, byggingarverktakar, Hafnargötu 20
 Íslenska félagið ehf, lðavöllum 7a
 Moby Dick ehf, hvalaskoðun, Sími 4217777
 Ráin, veitingasala, Hafnargötu 19
 Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
 Sparisjóðurinn í Keflavík, Tjarnargötu 12-14
 Toyota Reykjanesbæ, Njarðarbraut 19
 Varmamót ehf, Framnesvegi 19
 Verslunarmannafélag Suðurnesja,
 Vatnsnesvegi 14

Grindavík

Útgerðarfélagið Einhamar ehf, Verbraut 3a
 Örninn GK-203 ehf, Glæsivöllum 12

Sandgerði

Fiskmarkaður Suðurnesja hf, Hafnargötu 8
 Málningarvinna Carls ehf, Víkurbraut 9b

Garður

Sveitarfélagið Garður, Sunnubraut 4

Mosfellsbær

Byggingarfélagið Baula ehf, Arkarholti 19
 Glertækni ehf, Völuteigi 21
 Ísfugl ehf, Reykjavegi 36
 Kjósahreppur, www.kjos.is
 Mottó-Magn ehf, Flugumýri 24

Akranes

Bifreiðastöð Þórðar Þ Þórðarsonar, Dalbraut 6
 Grunnskólinn, Espigrund 1
 GT Tækni ehf, Grundartanga

Rannsóknastöðin á Mógilsá 40 ára

Þann 31. ágúst var fagnað 40 ára afmæli Rannsóknarstöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá. Fjölmenni heimsótti Mógilsá á þessum tíma-
mótum og voru meðfylgjandi myndir teknar við það tilefni.

Í nýútkomnu Bændablaði er birt viðtal sem Magnús Hlynur Hreiðarsson tók við Aðalstein Sigurgeirsson forstöðumann um rannsóknastöðina. Viðtalið er hægt að lesa í heild sinni á vef Bændablaðsins, www.bbl.is.

Í viðtalinu rekur Aðalsteinn meðal annars aðdragandann að stofnun Mógilsár:

„Aðdragandinn að stofnun Rannsóknastöðvarinnar á Mógilsá árið 1967 var allnokkur. Skipulagt rannsóknastarf í íslenskri skógrækt hófst árið 1957, þegar Skógrækt ríkisins réð til sín sérfræðing, Hauk Ragnarsson skógræðing, til þess að annast vísindalegar tilraunir á vegum stofnunarinnar. Haukur varð síðar fyrsti forstöðumaður Rannsóknastöðvarinnar. Vorið 1961 samþykkti norska Stórþingið að Norðmenn skyldu færa Íslendingum að gjöf eina milljón norskra króna. Gjöfinni skyldi varið til eflingar skógrækt á Íslandi og til eflingar menningartengsla milli Íslands og Noregs. Í framhaldi var skipuð þriggja manna stjórnarnefnd þjóðargjafarinnar sem skyldi ákveða hvernig gjöfinni yrði ráðstafað. Niðurstaða hennar varð sú, að stærstum hluta gjafarinnar skyldi varið til byggingar „tilraunastöðvar um skógrækt“ sem skyldi reist sem „varanlegur minnisvarði“ um vináttu frændþjóðanna og samstarf þeirra í skógræktarmálum. Stjórnarnefndin um þjóðargjöfina tók jafnframt ákvörðun um staðarval rannsóknastöðvarinnar. Meðal annars kom til greina að reisa hana að Reykjum í Ölfusi, en horfið var frá því vegna þess að jarðnæði þar þótti of lítið. Varð jörðin Mógilsá á Kjalarnesi fyrir valinu. Í framhaldinu keypti íslenska ríkið jörðina. Fyrsta skóflustungan að rannsóknastöðinni var tekin á Mógilsá vorið 1964, byggingarframkvæmdum lauk árið 1967 og þann 15. ágúst 1967 vígði Haraldur ríkisarfí (og nú konungur) Noregs hana. Í ávarpi Haraldar og annarra kom fram sú von og trú að tilkoma hennar myndi leggja nýjan og traustari grundvöll að vísinda- og rannsóknastarfi í þágu íslenskrar skógræktar. Sú von gefendanna og frumherjanna hefur heldur betur gengið eftir.“



Einar Kristinn Guðfinnsson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra flutti ávarp á afmælishátíðinni (Mynd RF).

Einnig kemur hann inn á helsta hlutverk stöðvarinnar í dag:

Helsta hlutverk Rannsóknarstöðvarinnar á Mógilsá: „Það er að sinna rannsóknastarfi og þekkingaröflun í þágu skógræktar á Íslandi. Mógilsá vinnur með og fyrir stjórnvöld, almenning og aðra hagsmunaaðila að rannsóknum, þróun og miðlun þekkingar á sviði skógræktar. Við leitumst við að vera leiðandi afl á sviði skógræktarrannsókna í landinu og eiga frumkvæði að



Sendiherra Noregs á Íslandi er Margit F. Tveiten. Rannsóknastöðin var byggð fyrir gjafafé norsku þjóðarinnar og er einstakur minnisvarði um gott samstarf frændþjóðanna (Mynd RF).

rannsóknaverkefnum sem unnin eru í samstarfi við innlenda og erlenda aðila og í víðtæku samráði við atvinnugreinina skógrækt. Við leggjum enn sem fyrr höfuðáherslu á hagnýtar rannsóknir í þágu skógræktar og skógverndar en jafnframt sinnum við grunnrannsóknunum á íslenskum skóglendum. Einnig leggjum við áherslu á að vera upplýsingaveita um skóglendi Íslands gagnvart stjórnvöldum og alþjóðasamfélaginu.“



Aðalsteinn Sigurgeirsson skógræðingur er forstöðumaður Rannsóknastöðvarinnar á Mógilsá (Mynd RF).



Í ÞÍNUM HÖNDUM

Hafið er matarkistan okkar og nátengt mynd landsins. Við viljum halda hafinu og ströndum Íslands hreinum og ómengduðum um ókomna tíð. Á því veltur framtíð okkar, velferð og sjálfsvirðing.

Máltækið „lengi tekur hafið við“ á ekki að eiga við um sorp og ýmis hættuleg efni sem geta borist í hafið af mannavöldum.

VÍN•BÚÐ
lífur, lærum & njótum



Maí 2006. Sitkagreni og reynir norðan við húsið að Grundargötu 20. Aðalsteinn Friðfinnsson og Elsa Pétursdóttir gróðursettu árið 1970. Fremst er alparífs.

Maí 2006. Reynitré að Grundargötu 16. Bæring og Guðbjartur Cecilssynir gróðursettu á árunum 1948-1950. Þessi reynitré eru úr gróðrarstöð í Reykjavík.



Gömlu trén í Grundarfirði

Breytt ásynd – skjól í bæinn

Gunnar Njálsson, formaður Skógræktarfélags Eyrarsveitar, og Sunna Njálsdóttir hafa tekið saman áhugavert yfirlit um elstu trén í Grundarfirði. Þar hefur trjárækt verið stunduð lengi og setur trjágróður orðið mikinn svip á þennan fallega bæ. Þau tóku sömuleiðis ljósmyndirnar sem hér fylgja með.



Maí 2006. Sitkagrenitré á sjávarbakknum að Grundargötu 6. Sigurður Lárusson og Elín Valdimarsdóttir gróðursettu 1962. Þessi tré eru fengin í Ólafsvík er sölumaður var þar á ferð að selja trjáplöntur. Trén voru gróðursett fjögur í þyrpingu á sjávarbakknum, hafa vaxið hægt og oft orðið að þola seltuna í norðaustan hvassviðrum ásamt vindgangi í sunnanáttum. Þau standa þétt og hæð þeirra nú er um 3 – 4 metrar.



Maí 2006. Sitkagrenilundur að Hlíðarvegi 2, gróðursettur 1969-1970 af Huldu Vilmondar og Soffaníasi Cecilssyni.



Maí 2006. Sitkagrenilundur að Hlíðarvegi 2 gróðursettur 1969-1970 af Huldu Vilmondar og Soffaníasi Cecilssyni.




Maí 2006. Sitkagrenilundur að Hlíðarvegi 2 gróðursettur 1969-1970 af Huldu Vilmondar og Soffaníasi Cecilssyni. Trén standa þétt og vinstra megin nær húsinu eru einnig grenitré frá Skógrækt Ingibjargar í Hveragerði frá 2001 og hægra megin eru reynitré frá árinu 2000.



Maí 2006. Reynitré úr Berserkjahrauni í garði Níelsar Friðfinnssonar og Jakóbínu Thomsen að Hlíðarvegi 19, gróðursett 1977.

Maí 2006. Reynitré úr Berserkjahrauni að Fagurhólstúni 4, gróðursett af Einari Skarphéðinssyni um 1976. Minna tréð er rótarskot þess stærra og var fjarlægð un 2007.



Maí 2006. Sitkagreni frá 1969-1970 við dvalarstétt að Hlíðarvegi 2. Fært úr lundinum um 2000.





Maí 2006. Sitkagreni að Grundargötu 27. Pálína Gísladóttir og Halldór Finns-son gróðursettu í júlí 1962 tvö tré austan við gangstétt. Magnús Jóhannsson frá Hrísey færir annað tréð vestur fyrir gangstéttina árið 1969 er hann flytur í húsið ásamt Báru Hallgrímsdóttur konu sinni. Þessi tré eru orðin um átta metrar að hæð og setja mikinn svip á götumyndina.



Maí 2006. Séð heim að grónum garði að Grundargötu 29. Þarna má finna vöxtuleg sitkagreni, reynitré og birki. Vestast í lóðinni eru tvö grenitré gróðursett 1978 og milli þeirra er grenitré gróðursett 1988. Vestan við stofuglugga er grenitré, gróðursett 1986 og kemur það upp af fræi úr köngli (óvíst hvaðan). Í garði þessum má líka finna kvisti og þyrnirósir ásamt fleiri áhugaverðum jurtum.



Maí 2006. Sitkagreni sunnan við húsið að Sæbóli 9. Það er gróðursett af Rósant Egilssyni og Elínborgu Elbergsdóttur, 1981-1982. Að sjá lengra eru tvö grenitré einnig gróðursett sömu ár. Þarna má sjá hvað vöxtuleg tré geta sett svip á götumyndina, ekki síst tréð framan við húsið, en það hefur átt undir högg að sækja vegna seltu og sitkalúsar síðustu ár.



Sitkagreni og alaskaösp að Hamrahlíð 1 í garði Hjálmars og Helgu Þóru Árnadóttur.



September 2006. Reynitré að Fossahlíð 1. Er Gunnar Njálsson og Valgerður G. Valgeirsdóttir bjuggu þar gaf Margrét dóttir þeirra þeim lítið reynitré, þá ca. 8 ára gamalt og var það gróðursett við lóðarmörk. Þetta var árið 1975. Að Borgarbraut 10 búa Kjartan Gunnarsson og Árdís Sveinsdóttir og er garður þeirra fallegur. Nær Borgarbrautinni er vöxtuleg ösp (keisari) gróðursett 1983 og í garðinum er einnig fagursýrena, gróðursett 1979 og skartar á fögrum sumrum bleikum blómum.



Mars 2007. Borgarbraut 8. Grenitré í garði Jóns Kristjánssonar frá Eiði, gróðursett 1964. Annað grenitré er á baklóðinni gróðursett sama ár.



Maí 2006. Sitkagreni norðan við húsið að Sæbóli 9. Það er gróðursett af Rósant Egilssyni og Elínborgu Elbergsdóttur 1981-1982.



Maí 2006. Sitkagreni frá því fyrir 1970 að Hamrahlíð 1 í garði Hjálmars Gunnarssonar og Helgu Þóru Árnadóttur. Birkið við húsvegginn er úr eldri kosningagjöf Alþýðubandalagsins 1982.



Maí 2006. Alaskavíðir (gústa) að Borgarbraut 6. Árið 1979 kaupa Brynjar Ólafsson skipstjóri og Rósa kona hans aðra hæðina. Ólafur faðir Brynjars gróðursetur alaskavíðitré við bílskúrsvegginn sumarið 1980. Nú er þetta orðið vöxtulegt tré.



Maí 2006. Að Hamrahlíð 1 í garði Hjálmars Gunnarssonar og Helgu Þóru Árnadóttur. Birkið við húsvegginn er úr eldri kosningagjöf Alþýðubandalagsins 1982.



September 2006. Við hliðina á reynitrénu er sitkagrenitré gróðursett 1952. Trén í garði þessum njóta skjóls fyrir kaldri norðaustanáttinni sem er stundum, en kalskemmdir vilja koma í toppana er þeir vaxa upp fyrir þakmæni og ná vindstrengnum. Trén fá yl af suðrinu, þó að það blási oft hressilega úr þeirri átt. Annars er þarna athyglisverður garður eins og einkennir garða til sveita, ýmsar tegundir ræktaðar í skjóli fyrir hörðustu vindáttunum.



Landslag í skógi

Skógar Íslands eru fjölbreyttir og samanstanda af ýmsum trjategundum. Nú hefur skógrækt verið stunduð það lengi í landinu að vöxtulegir skógar eru farnir að setja svip sinn á landslag margra héraða. Með þroskuðum skógum verður til ný landslagsgerð í skóginum sjálfum, skógarlandslag sem mótast af mismunandi trjategundum,

aldri skógarins og umhverfinu.

Laufblöðungur tók myndir af nokkrum íslenskum skógarlandslagsgerðum í Hallormsstaðaskógi á dögunum, sem hér fylgja með. Eins og sést á þessum myndum er íslenskt skógalandslag fjölbreytt og heillandi. En um leið eru allar myndirnar teknar í einum og sama skóginum, Hallormsstaðaskógi.



Landslag í hengibjarkarskógi (Mynd JGP).



Landslag í fjallafuruskógi (Mynd JGP).



Landslag í rauðgreniskógi (Mynd JGP).



Landslag í birkiskógi (Mynd JGP).



Landslag í rússalerkiskógi (Mynd JGP).

Haustferð Skógræktarfélags Garðabæjar á Reykjanes

Skógræktarfélag Garðabæjar hefur um árabíl skipulagt haustferðir fyrir félagsmenn. Þessar ferðir hafa verið afar vinsælar og gætu önnur skógræktarfélög hugleitt að taka upp svipað félagsstarf. Að þessu sinni var förinni heitið um skógar- og ræktunarreiti á Reykjanesi, en ferðin var laugardaginn 1. september.

Fyrsti viðkomustaður var skógrækt í Hrauni í Straumi sunnan Hafnarfjarðar, en þar hófst skógrækt nokkurra fjölskyldna um 1955 í landi Skógræktar ríkisins. Þarna er mjög vöxtulegur skógur og mik-

il gróska í hrauninu sem fáir vita um, en skógurinn stendur öllum opin. Landgræðslu- og skógræktarfélagið Skógfell í Vogum var næsti viðkomustaður. Formaður félagsins, Oktavía Ragnarsdóttir, leiðsagði um strönd Vatnsleysu og Voga auk þess sem hópurinn skoðaði stolt þeirra, skóginn við Háabjalla. Í skóginum fundum við myndarlega berserkjasveppi og síðan var boðið upp á kaffi og pönnukökur í skóginum.

Í Vitanum í Sandgerði var að í hádeginu. Í Sandgerði kom á óvart hve garðar fólks eru gróskumiklir við opið haf, þar er auðsjáanlega mikill

álugi fyrir snyrtilegu umhverfi.

Heimsótti hópurinn margverðlaunaðan garð hjónanna Jóns Norðfjörð og Ólafíu Guðjónsdóttur. Eigandi Gróðrarstöðvarinnar Glitbrár í Sandgerði, Gunnhildur Ása, sagði frá og sýndi ræktunina og myndarleg gróðurhús gróðrarstöðvarinnar, en stöðin er ein sinnar tegundar á Reykjanesi.

Komið var við í garðinum Bræðraborg, sem Unnur Gísladóttir og fjölskylda gaf sveitarfélaginu Garði árið 2005. Byggðasafnið á Garðskaga var loka áfangi ferðarinnar með kaffiteríunni Flös.



Skógur Skógræktarfélagsins Skógfells í Vogum við Háabjalla er afar hávaxinn og glæsilegur.



Barbara Stanzeit úr stjórn Skógræktarfélags Garðabæjar afhenti Oktavíu Ragnarsdóttur formanni Skógræktarfélagsins Skógfells í Vogum hlynplöntur sem þakklætisvott fyrir góðar móttökur.



Félagar úr Skógræktarfélagi Garðabæjar skoða skóginn í Hrauni í Straumi sunnan Hafnarfjarðar.

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Skógræktarfélag Akraness, Jörundarholti 122
Tækni- og umhverfissvið Akranes-
kaupstaðar, Stíllholti 16-18
Uppheimar ehf, Vesturgötu 45

Borgarnes

Borgarbyggð, Borgarbraut 14
Efnalaugin Múlakot, Borgarbraut 49
Hreðavatnsskáli
Margrét Guðjónsdóttir, Dalsmynni
Skorradalshreppur, Grund

Stykkishólmur

Málflutningsstofa Snæfellsness ehf, Aðalgötu 2

Grundarfjörður

Berg - vélsmiðja ehf, Ártúni 4

Ólafsvík

Litlalón ehf, Skipholti 8

Hellissandur

Hjallasandur ehf, Helluhóli 3
Þorgeir Árnason ehf, Háarífi 27

Reykhólahreppur

Glæðir, áburður, Hellisbraut 18
Reykhólahreppur, Reykhólum

Ísafjörður

Ferðapjónustan í Heydal, Mjóafirði
Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar, Sindragötu 14
Ís 47 ehf, Fagraholti 3
Lögsýn ehf, Aðalstræti 24
Skógræktarfélag Ísafjarðar, Seljalandsvegi 38

Bolungarvík

Agnes M Sigurðardóttir, Völusteinsstræti 16
Náttúrustofa Vestfjarða, Aðalstræti 21

Súðavík

Súðavíkurbúðir, Grundarstræti 3
Víkurbúðin ehf, Grundarstræti 1-3

Flateyri

Lionsklúbbur Öfundarfjarðar, Unnarstíg 6

Patreksfjörður

Oddi hf, fiskverkun, Eyrargötu 1
Skógræktarfélag Patreksfjarðar, Sigtúni 7

Tálknafjörður

Bjarmi BA 326
Miðvík ehf, Túngötu 44
Tálknafjarðarhreppur, Miðtúni 1

Þingeyri

F&S Hópfarðabílar ehf, Aðalstræti 27
Tengill, rafverktaki, Sjávangötu 14

Hvammstangi

Skjanni ehf, Hafnarbraut 3
Skrúðvangur ehf, Gilsbakka 5
Sparisjóður Húnaþings og Stranda, Höfðabraut 6

Blönduós

Grettir sf, fjölritunarstofa, Þverbraut 1
Léttitækni ehf, Efstubraut 2

Skagaströnd

Elfa ehf, Oddagötu 22

Sauðárkrúkur

Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
Leiðbeiningamiðstöðin, Aðalgötu 21
Skagafjarðarveitur ehf, Borgarteigi 15
Sveitarfélagið Skagafjörður, Faxatorgi 1

Varmahlíð

Akrahreppur, Skagafirði
Álftagerðisbræður ehf, Álftagerði
Skógræktarfélag Skagfirðinga, Marbæli

Siglufjörður

Skógræktarfélag Siglufjarðar, Hafnartúni 2

Akureyri

ÁK smíði ehf, Hjallatröð 7
Eyjafjarðarsveit, Syðra-Laugalandi
Girðir ehf, Lónsbakka
Hagþjónustan ehf, Skipagötu 14
Höldur - Bílaleiga Akureyrar, Tryggvabraut 12
Kjarnafæði hf, Fjölhnisgötu 1b
Málningarmiðstöðin, Hólabraut 18
Raftákn ehf, Glerárgötu 34
Skógræktarfélag Eyfirðinga, Kjarnaskógi
Tannlæknastofa Árna Páls Hall-
dórssonar, Mýrarvegi
Virgni ehf, Lyngholti 28
Ösp sf, trésmiðja, Furulundi 15f

Grimsey

Grimseyjarhreppur, Öldutúni 1

Dalvík

Dalvíkurbyggð, Ráðhúsinu v/ Garðabraut
Stefán Rögnvaldsson ehf, Sunnubraut 3

Húsavík

Alli og Helga ehf, Baughóli 56
Bókasafnið á Húsavík
Garðvík ehf, Garðarsbraut 22b

Þórshöfn

Langesbyggð, Fjarðarvegi 3
Skógræktarfélag N-Þingeyjarsýslu, Miðholti 1

Bakkafjörður

Skógræktarfélagið Lurkur, Skólagötu 5

Vopnafjörður

Vopnafjarðarhreppur, Hamrahlíð 15

Egilsstaðir

Fljótsdalshérað, Lyngási 12
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf, Einhleypingi 1
Hraðbúð ESSO, www.khb.is, Kaupvangi 6
Sólskógar ehf, Kaldá
Verkfræðistofa Austurlands ehf, Kaupvangi 5

Seyðisfjörður

Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44

Reyðarfjörður

Fjarðabyggð, Hafnargötu 2
Hólmar, húsgagnaverslun ehf, Austurvegi 29

Eskifjörður

Skógræktarfélag Eskifjarðar, Lambeyrarbraut 6

Neskaupstaður

Tónspil ehf, Hafnarbraut 22

Höfn í Hornafirði

Skeggey ehf / Ósland, Miðósi 17
Skinney - Þinganes hf, Krossey

Selfoss

Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf, Hrísmýri 3
Búnaðarfélag Grafningshrepps, Villingavatni
Búnaðarsamband Suðurlands, Austurvegi 1
Garðyrkjustöðin Furubrún, Reykhoti,
Biskupstungum
Garðyrkjustöðin Kvistar ehf, Reykholti,
Biskupstungum
Grímsneshreppur og Grafnings-
hreppur, Stjórnsýsluhúsinu Borg
Jeppasmiðjan ehf, Ljónsstöðum
Jötunn vélar ehf, Austurvegi 69
Selfossveitur bs, Austurvegi 67
Set ehf, plaströverksmiðja, Eyravegi 41
Skeiðahreppur og Gnúpverjahreppur, Árnosi
Stokkar og steinar sf, Árbæ 1
Verkfræðistofa Guðjóns, Austurvegi 44
Vélaverkstæði Almennar viðgerð-
ir og smurþjónusta, Gagnheiði 36

Hveragerði

Eldhestar ehf, Völlum
Litla kaffistofan, Svínahrauni
Samband garðyrkjubænda, Reykjum
Tölvutak ehf, Sunnumörk 2

Þorlákshöfn

Jarðefnaiðnaður ehf, Nesbraut 1

Flúðir

Flúðafiskur, Borgarási

Hella

Rangárping - Ytra, Suðurlandsvegi 1

Hvolsvöllur

Anna og Árni á Akri, Akri
Upplýsingamiðstöðin Hvolsvelli, Hlíðarvegi 14

Kirkjubæjarklaustur

Landbúnaðar og byggingarvörur, lðjuvöllum 3
Skaftárhreppur, Klausturvegi 10

Vestmannaeyjar

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf, Kirkjuvegi 23
Vestmannaeyjabær, Ráðhúsinu

Sumar á Sólheimum

Löngu gæðasumri er að ljúka. Tvennt einkenndi veðráttu þess öðru fremur: afar lítil úrkoma og langvarandi stillur – en hvort tveggja er fátítt í Vestur-Skaftafellssýslu! Þrátt fyrir þurrkinn var spretta mjög góð – úthagi grösugur og trjágróður vaxtarmikill, enda gerði lognið allan gæfumun og dró úr uppgufun.

Trjágróður er yfirleitt afar sællegur og jók vel við hæð sína í sumar. Ber þar sérstaklega að nefna sitkagreni sem spratt geysivel, jafnvel á alþurrasta og rýrasta landi. Yfirleitt koma vaxtarsumur af þessu tagi aðeins á nokkurra ára fresti.

Eitt ber þó að nefna í þessari andrá: breytt veðrátta síðastliðin fimm ár veldur því að trjágróður sem áður virtist vænlegur telst ekki lengur boðlegur. Hljóir útmánuðir og harðir maikuldar valda því.

Það sem sætir þessu í minni ræktun er brúnn alaskavíðir (eldist afar illa), asparklónninn salka (of bráðlátur og kul-sækin á vori), sitkaelri (tilviljanakennd óþrif og dauði) og rússalerki (virðist hvorki geta lifað né dáið).

Gagnstætt þessu hefur sífjalerki sprottið frábærlega. Það er afar sérhæft í þörfum sínum og vex aðeins á brekku-brúnum móti norðri. Sífjalerki er mjög

frjálst í vexti og erfitt að giska á í hvaða átt það muni vaxa!

Mesta ævintýrið í minni skógrækt er það sem ég kalla landnámsskógrækt – öðru nafni lúpínuskógrækt. Formúlan er einföld: Sáð er lúpínufræi og eftir nokkur ár er ösp stungið niður í breiðuna ásamt örfáum birkiplöntum og blákorni sáldrað ríflega kringum plönturnar. Ösp vex upp úr breiðunni á öðru ári og breytir svæðinu í skóglendi á 12–15 árum. Birkið sáir sér út með tíð og tíma og stuðlar að fjölbreytni. Þetta er fyrirhafnarminnsta og fljótlegasta skógrækt sem völ er á – á landi sem áður var gróðurlaust með öllu.

Á mínum slóðum er lúpínufræi sáð í land þar sem enginn gróður var eða mjög lítill – mosi, blóðberg og krækilyng. Lúpínan þiggur þetta land að láni í nokkra áratugi og skilar því með frjósömum lífrænum jarðvegi sem er ekki lakari en jarðvegur á þessum slóðum á landnámsöld. Ef trjáplöntum er stungið strjált í lúpínubreiðuna mynda þær gisið skóglendi meðan lúpínan myndar frjósaman jarðveg með lífmassa sínum.

Fuglalíf hefur aukist jafnt og þétt á Sólheimum eftir að trjágróður fór að dafna og eru nú vænir stofnar hrossagauka, skógarþrasta og þúfutittlinga út um allan skóg, auk jaðartegunda sem minna er af. Síðustu ár hefur maríuerlum fjölgað mest. Lengi varp aðeins eitt þar þeirra heima við bæ en nú sjást þessir fuglar í tugatali á ökuleiðum í skóginum.

Álftapar verpir á manngerðri tjörn í skógræktarlandinu og setur mikinn svip á umhverfi sitt. Fimm ungar skriðu úr eggjum í vor og er þetta hin glæsilegasta fjölskylda. Það er gaman að fylgjast með henni í ágústmánuði þegar flugæfingar hefjast með tilheyrandi kvaki og vængjastætti. Í septemberbyrjun var ég staddur austur á sandi að skýla litlum greniplöntum og heyrði þá mikið kvak og smelli á vatni. Ég leit upp og þarna svifu þeir þessir glæsilegu fuglar. En þeir voru bara sex! Ég gætti betur að og þá var einn unginn eftir á tjörninni og kvakaði lágt og mæðulega. Fjölskyldan kom aftur eftir tvo tíma og hefur síðan farið í daglegt æfingaflug. Ég hef áður séð seinfæra unga á haustdögum, en allir hafa þeir orðið fleygir áður en vetur gekk í garð.

Björn Jónsson



Álftir eru mikið augnayndi í skógræktarlandi (Mynd Björn Jónsson).

Ný stjórn Skógræktarfélags Íslands

Á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands, sem haldinn var á Egilsstöðum 17. – 19. ágúst 2007, urðu nokkrar breytingar á stjórn félagsins.

Magnús Jóhannesson, formaður félagsins, ákvað að gefa ekki kost á sér áfram og var Magnús Gunnarsson því kjörinn nýr formaður á fyrsta fundi nýrrar stjórns.

Aðrar breytingar á stjórn voru þær

að Sigríður Jóhannsdóttir ákvað að gefa ekki kost á sér til stjórnasetu áfram og komu því inn tveir nýjir stjórnarmenn. Það voru þau Aðalsteinn Sigurgeirsson og Jónína Stefánsdóttir.

Páll Ingbór Kristinsson og Vilhjálmur Lúðvíksson gáfu áfram kost á sér í varastjórn og voru báðir endurkjörnir. Út úr varastjórn gekk Jón Kr. Arnarson, en í hans stað var kosin Sigrún Stefánsdóttir.



Ný stjórn Skógræktarfélags Íslands. F.v. Þuríður Yngvadóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Sigrún Stefánsdóttir, Magnús Gunnarsson, Jónína Stefánsdóttir, Páll Ingbór Kristinsson, Guðbrandur Brynjúlfsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson og Vilhjálmur Lúðvíksson, Á myndina vantar Þorvald S. Þorvaldsson (Mynd BJ).

STIHL KM

Einn mótur - tengist í mörg tæki!

COMBI-SYSTEM

Combi-system er ný tækni frá hinum heimspekta framleiðanda Stihl. Með þessari tækni er nú hægt að tengja fjölda íhluta við einn og sama móturinn, s.s. sláttuorð, limgerðisklippa, keðjusög, kantskera o.fl. Þú þarft ekki lengur að fylla bílskúrinn af vélum, Combi-system leysir þau öll af hólmi!

FS-KM
Sláttuorð

HL-KM
Limgerðisklippa

HT-KM
Keðjusög

FCB-KM
Kantskeri

KB-KM
Sópur

BF-KM
Jarðvegstætari

STIHL

STIHL – fyrir atvinnumanninn
nú einnig áhugamanninn!



heimur heillandi hluta og hugmynda

Stekkjarkakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

Tónleikar Eivrarar Pálsdóttur í Hallormsstaðaskógi

Færeyska tónlistarkonan Eivör Pálsdóttir hélt tónleika í Mörkinni á Hallormsstað sunnudaginn 19. ágúst. Tónleikarnir voru hluti af Orms-teiti á Héraði og skipulagðir af Skógrækt ríkisins.

Tónleikarnir, sem fóru fram undir berum himni í blíðskaparveðri, tókust afar vel. Varla er hægt að hugsa sér fegurra umhverfi fyrir tónleikahald heldur en trjásafnið í Mörkinni.



Eivör kom fram með færeyskri hljómsveit og lék mest lög af nýrri plötu sinni, Mannabarn (Mynd JGP).

Umhverfið í Mörkinni skapar stórkostlega umgjörð fyrir tónleikahald. Alls voru um 700 manns mættir til að hlýða á Eivöru. Hægt var að kaupa nestiskörfur í versluninni Laufinu á Hallormsstað og láta síðan fara vel um sig í skógarumhverfinu til að hlýða á tónlistina (Mynd JGP).



Skógarkempurnar Sigurður Blöndal og Óli Valur Hansson voru mættir á tónleika Eivrarar (Mynd JGP).

Úrval
haustlauka

blómaval
heillandi heimur

Skútuvegur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

...loforð um
litríkt vor

Heimsókn í Fögruhlíð í Austurdal í Skagafirði

Stjórn Skógræktarfélags Íslands heimsótti Skógræktarfélag Skagafjarðar dagana 15. – 17. júlí 2007 og var heimsókninni varið í Austurdal í Skagafirði. Markmiðið var að skoða hinn merkilega birkiskóg í Fögruhlíð í Austurdal. Um þennan skóg skrifaði Sigurður Blöndal áhugaverða grein í Skógræktarritið árið 1984 sem lesendum Laufblaðsins er bent á til frekari fróðleiks.

Ekið var að Ábæ og farið þaðan gangandi og ríðandi til Hildarsels, sem er skáli Ferðafélags Skagafjarðar og gist tvær nætur. Þaðan er um 5 km þægileg göngu- eða reiðleið að Fögruhlíð.

Birkiskógurinn í Fögruhlíð er einn af fáum náttúrulegum birkiskógum í Skagafirðinum. Að auki er hann í töluverðri hæð, 350-500 m y.s., sem gerir hann nokkuð sérstæðan. Trén þar eru sum hver hávaxin, hæstu trén um 6 metrar, og mörg hver tiltölulega beinvaxin. Víðir þrífst þarna líka vel, grá-, loð- og gulvíðir, og myndar miklar breiður, gulvíðirinn á köflum mannhæðarháar. Greinilegt er að birkið er í framrás út dalinn, þar sem vöxtuleg stök tré og trjáþyrpingar taka á móti fólki töluvert áður en komið er að aðalskóginum. Í grein Sigurðar í Skógræktarritinu 1984 minnst hann á birkilausa eyðu milli fyrstu birkitrjáa sem komið er að og aðalskógarins. Sú eyða er ekki sjáanleg í dag, heldur fjölgar birkinu smám saman eftir því sem nær skóginum dregur. Í þessari heimsókn var reyndar gróður allur mjög vöxtulegur – mikið af lággróðri í blóma, blá- og krækiber ágætlega þroskuð og einir hlaðinn berjum. Veðurguðirnir voru líka ferðalöngum hagstæðir, en blíðskaparveður og sólskin var alla ferðina.

Ferðin var í alla staði hin ánægjulegasta og sú náttúruperla sem skógurinn í Fögruhlíð er reyndist vel heimsóknarinnar virði. Óhætt er að hvetja fólk til að leggja leið sína þangað. Fært er fjórhjóladrifnum bílum fram að Ábæ og þótt nokkur vegalengd sé þaðan að Fögruhlíð, er leiðin auðgeng, með góðum göngubrúum á tveimur

stærstu vatnsföllum, Ábæjará og Tinná, og skálinn í Hildarseli skiptir leiðinni hentuglega niður.



Gamli brandarinn um að standa upp ef maður villist í íslenskum skógi á ekki við skóginn í Fögruhlíð, en hér týnist Árni Sigurðsson í gróðrinum. Trén eru um 5 metra há (Mynd RF).



Stæðileg birkitré finnast löngu áður en komið er að aðalskóginum (Mynd RF).



Hesta- og göngufólk og ferfætlingar hvíla sig í rjóðri í skóginum í Fögruhlíð (Mynd RF).

Ferðafélagar úr Rússlandsferð gróðursetja „Pétursskóg“ að Vindheimum í Skagafirði

Skógræktarfélag Íslands stóð fyrir vel heppnaðri ferð til NV-Rússlands á síðasta ári. Farið var á upprunastaði rússalerkis í Arkhangelsk héraði við Hvítahafið, en einnig var Raivola lundurinn á Kirjálayðinu skoðaður, en þaðan á stór hluti þeirra lerkiskóga sem vaxa hérlandis rætur að rekja.

Ferðin var skipulögð í samstarfi við Pétur Óla Pétursson, sem búsettur hefur verið í nokkur ár í St. Pétursborg og hefur verið fararstjóri fyrir marga íslenska ferðahópa. Var hann leiðsögumaður í ferðinni. Í lok ferðar voru Pétri Óla færðar rússalerkiplöntur af Raivolastofni að gjöf, sem þakklæt-



isvott fyrir aðstoðina, og ákveðið að þær skyldu gróðursettar í Skagafirði, en Pétur Óli er borinn og barnfæddur Skagfirðingur og stoltur af því.

Plöntur Péturs Óla voru gróðursett- ar laugardaginn 14. júlí síðast liðinn að Vindheimum í Skagafirði. Rúmlega fjöruútu manns mættu í blíðskaparveðri til að gróðursetja, ferðafélagar úr Rússlandsferðinni og vinir og vandamenn.

Að lokinni gróðursetningu bauð

Pétur Óli Pétursson var leiðsögumaður í Rússlandsferðinni og gestgjafi á Vindheimum í Skagafirði í sumar þegar ferðafélagar heimsóttu hann og gróðursettu rússalerkitré af Raivolastofni í anda ferðarinnar til Arkhangelsk (Mynd JGP).

Pétur Óli hópnum í grillveislu, þar sem fólk skemmti sér og öðrum við að rifja upp ferðina til Rússlands og ræða landsins gagn og nauðsynjar.



Gróðursett í „Pétursskógi“ (Mynd RF).

Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands



Skógræktarstöð
Egilsstöðum, Fljótshlíð - www.barri.is



BM-VALLA



ÁRDEGI



FELAG IDN- OG TÆKNIGREINA
Sími: 535 6000 - www.felag.is



HÁRÐVÍÐARVAL
Kirkjuból 4 • 110 Reykjavík
Sími 587 1010 - www.parkat.is



**HITAVEITA
SUÐURNESJA HF**



GARDABÆR
www.gardabaer.is

Klæðning ehf.
www.klaedning.is



UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ



HÁSKÓLI ÍSLANDS



FRJÓ
sími 567 7860 - www.frjo.is



www.spm.is


ÍSTAK



LANDVERND



LANDSNET



1907 - 2007
landgræðsla í 100 ár



LERKVERKTAKAR EHF.
BYGGINGAVERKTAKAR

NA NORDURÁL
Century ALLURANUM



NORDURÞING



BÚREKSTRARDEILD
BORGARNES
Eglishelli 1 • 310 Borgarnes
Algræðsla sími 439 8888 • Fax 439 8887

Landsbankinn



**ORKUVEITA
HÚSAVÍKUR**



ÚTTARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA

Plastprent hf.
1967 - 2007

**Skógræktarfélag
Reyðarfjarðar**

Ásgerði 3 - 730 Reyðarfirði



Skógræktarfélag Reykjavíkur
Eldhúsalí - 110 Reykjavík
Sími 1770 - 493-2000
www.skogafelag.is



SORPSTÖÐ
SUÐURLANDS

**Veitingahús
Jakobs Jómfrúin**
Lækjargötu 4



HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR

VGK HÖNNUN



North Sailing
NORÐUR-SIGLING
HVALSKODEN HÚSAVÍKUR
HAFNARBERGI 1

Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1

Útblástur verður innblástur

Við erum bakhjarlar Kolviðar og byrjum auðvitað á okkur sjálfum. Fyrst íslenskra fyrirtækja kolefnisjöfnum við flugferðir vegna starfsemi okkar og einkabíla starfsfólks. Með því vonumst við líka til að veita öðrum innblástur og hvetjum landsmenn til að kvitta fyrir sitt kolefni. Þannig græðum við öll!



KAUPÞING

Hugsum lengra



Kolviður er sjóður sem stofnaður er af Skógræktarfélagi Íslands og Landvernd. Markmið Kolviðar er að bjóða einstaklingum og fyrirtækjum að kolefnisjafna útblástursáhrif samgöngutækja sinna með skógrækt. Bakhjarlar Kolviðar eru ríkisstjórn Íslands, Orkuveita Reykjavíkur og Kaupþing. Vefsíða Kolviðar er www.kolvidur.is.

KOLVIÐUR